

# HÚSÖNDIN

36. tbl. 3. árg.  
6. október. 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 7. - 13. OKTÓBER

10.10 Atli Guðnason, Hólmgeir Eyfjörð  
11.10. Halldór Þorlákur Sigurðsson, Zofia Natalia Irek

## NÁTTÚRA ÍSLANDS OG HÁLENDISÞJÓÐGARÐUR | Norðausturland

Tveggja hluta málfing með áherslu á opnar umræður um náttúruvernd á miðhálandinu, áherslur og sjónarmið varðandi Hálandisþjóðgarð. Að málfinginu standa Landvernd, SUNN – samtök um náttúruvernd á Norðurlandi og Fjöregg - félag um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit

### Fyrri hluti

7. október frá kl 19:30 - 21:00

- Halldóra Hreggviðsdóttir**, framkvæmdastjóri  
Alta ráðgjöf
  - Þjóðgarður á okkar eigin forsendum
- Hildur Ásta Þórhallsdóttir**, umhverfisfræðingur
  - Samfélagið á friðlýstu svæði: viðhorf heimamanna til náttúruverndar við Mývatn og Laxá
- Chris Burkard**, ljósmyndari og höfundur bókarinnar: At Clacier's End
  - An outsider's perspective on how a National Park can protect Iceland's Nature

### Seinni hluti

8. október frá kl 14:00 - 15:30

- Helgi Héðinsson**, oddviti Skútustaðahrepps
  - Tækifæri og áskoranir
- Hrönn Guðmundsdóttir**, fyrrum landvörður í Vatnajökulsþjóðgarði
  - Gildi náttúrunnar í Hálandisþjóðgarði
- Chris Burkard**, ljósmyndari og höfundur bókarinnar: At Clacier's End
  - An outsider's perspective on how a National Park can protect Iceland's Nature

Fundirnir fara fram á netinu og verða sendir út frá **Sel - Hótel Mývatn** á Facebook og Zoom þar sem boðið verður upp á spurningar og umræður rafrænt. Nánari uppl. á: [facebook.com/landvernd](https://www.facebook.com/landvernd)



## Deiliskipulag Höfða og Ytrivoga

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 23. september 2020 að auglýsa skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi útivistarsvæðis við Höfða og Ytrivoga

Svæðið er skilgreint í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem **355-O**, innan landnotkunarflokksins *Opin svæði til sérstakra nota*, samtals 10,3 ha að stærð.

Tilgangur með gerð deiliskipulagsins er m.a. að styrkja útivistarsvæði Höfða og Ytrivogum, með því að móta stefnu um framtíð svæðisins, - þ.m.t. uppbyggingu stíga og áningarstaða - og ákvarða forsendur fyrir framkvæmdir og rekstur þess. Tillöguuppdráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, frá og með fimmtudeginum 8. október með athugasemdafresti til og með fimmtudeginum 19. nóvember 2020. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: [www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is) undir flípanum skipulagsauglýsingar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út mánudaginn 16. nóvember 2020. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: [atli@skutustadahreppur.is](mailto:atli@skutustadahreppur.is). Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Atli Steinn Sveinbjörnsson,  
skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps

Komið þið sæl!

Mig langar til að koma á samverustundum í kirkjunni í vetur, vikulega í hvorri. Þetta eru hugsaðar sem spjallstundir og óformlegar. Ég byrja í Reykjahlíðarkirkju mánudaginn 12. október klukkan 14:00 til 16:00. Stundin endar með stuttri hugleiðingu og bæn og kyrrðarstund. Næstu viku á eftir verð ég í Skútustaðakirkju og svo koll af kolli. Formið og tímasetningin er opið/opin fyrir breytingum ef það hentar betur.

Við fylgjum fjarlægðarmörkum og smitvörnum.

Verið velkomin!

sr.Örnólfur



## **Björgunarsveitin Stefán**

Miðvikudagskvöldið 14. október kl. 20:00 verður haldinn almennur félagsfundur í björgunarstöðinni Múlavegi 2 þar sem vetrarstarfið verður m.a. rætt.

Nýir félagar velkomnir.

Sóttvarnarreglur verða virtar.

Kveðja  
Stjórnin





Við í Jarðböðunum þökkum frábærar viðtökur á kótilettukvöldunum en nú þurfum við að aðlaga okkur að nýjum takmörkunum. Næstu fimmtudagskvöld munum við því einungis bjóða upp á kótilettur til að taka með, á meðan fjöldatakmörkun er í gildi. Það er tilvalið að koma með eigin ílát, fylla þau af ljúffengum kótilettum og meðlæti og njóta heima.

Bestu kótilettukveðjur frá starfsfólki Jarðbaðanna!

